

Stefna um bestu framkvæmd

Samþykkt í desember 2022
Ábyrgðaraðili: Regluvarsla

1. Almenn atriði

- 1.1. Stefna þessi er sett á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga („lmf.“), laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, og reglna sem þau veita lagagildi eða eru settar á grundvelli fyrrgreindra laga, einkum 5. þáttar reglugerðar (ESB) 2017/565, reglugerðar (ESB) 231/2013 og reglugerðar 471/2014, með áorðnum breytingum.
- 1.2. Með stefnu um bestu framkvæmd viðskipta leitast Kvika eignastýring hf. (hér eftir „KE“ eða „félagið“) við að ná fram sem hagstæðastri niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína og sjóði í stýringu félagsins, að teknu tilliti til þess að félagið lætur aðila framkvæma fyrirmæli sem leiða af ákvörðunum KE við eigna- og sjóðstýringu. KE hefur hagsmuni viðskiptavina sinna og sjóða alltaf að leiðarljósi við þessar aðstæður.
- 1.3. Stefnan gildir þegar félagið beinir fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli eigna- eða sjóðstýringar til annarra aðila.
- 1.4. KE skal aðeins gera samning um framkvæmd ef slíkt fyrirkomulag er í samræmi við skyldur sem mælt er fyrir um í þessum reglum. Félagið skal geta sýnt fram á að fyrirmæli hafi verið framkvæmd fyrir hönd félagsins í samræmi við stefnu þessa.
- 1.5. Stefnan gildir gagnvart almennum fjárfestum og fagfjárfestum. Stefnan gildir aðeins um viðurkennda gagnaðila hafi þeir sérstaklega óskað eftir því, sbr. 1. og 2. mgr. 51. gr. lmf.
- 1.6. Í stefnu þessari skal hugtakið „viðskiptastaður“ þýða skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg eða innmiðlari, viðskiptavaki eða annar aðili sem tryggir seljanleika, sbr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/565. Önnur hugtök skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í lögum nr. 115/2021.

2. Sameiginleg ákvæði um bestu framkvæmd viðskipta

- 2.1. Þegar fyrirmælum er beint til aðila til framkvæmdar, fyrir hönd sjóðs eða viðskiptavinar, skal KE gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að tryggja að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir sjóði eða viðskiptavinum, að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:
 1. Verð.
 2. Kostnaður.
 3. Hraði.
 4. Líkur á því að af viðskiptum og uppgjöri verði.

5. Umfang viðskipta.
 6. Eðli viðskipta.
 7. Aðrir þættir sem geta komið til skoðunar við framkvæmd pöntunar.
- 2.2. Tryggja skal að vægi einstakra ofangreindra þátta við sendingu fyrirmæla hverju sinni verði ákvarðað hlutfallslega á grundvelli eftirfarandi viðmiða:
- 2.2.1. eiginleika viðskiptavinarins, þ.m.t. hvort viðskiptavinurinn er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir eða, eftir atvikum, markmiðs, fjárfestingarstefnu og áhættu viðkomandi sjóðs,
 - 2.2.2. eiginleika fyrirmælanna, þ.m.t. hvort þau fela í sér fjármögnunarviðskipti með verðbréf,
 - 2.2.3. eiginleika þeirra fjármálagerninga sem eru efni fyrirmælanna,
 - 2.2.4. eiginleika þeirra viðskiptastaða sem unnt er að senda fyrirmælin til.
- 2.3. Þegar KE sendir fyrirmæli til annarra aðila ber félaginu að uppfylla kröfu 1. mgr. 33. gr. lmf. um að þjóna hagsmunum viðskiptavina sinna sem best.
- 2.4. Þegar framkvæma á fyrirmæli eða eiga viðskipti með afurðir utan viðskiptavettvangs skal félagið tryggja að sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavininn verði kannað með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð slíkra afurða, og þegar unnt er, gera samanburð við svipaðar eða sambærilegar afurðir.

3. Framkvæmd fyrirmæla við eignastýringu

Framkvæmd fyrirmæla

- 3.1. Þegar KE beinir fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til þriðja aðila í tengslum við eignastýringu fyrir viðskiptavin, skal félagið gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að þegar hægt er að beina fyrirmælum á fleiri en einn viðskiptastað, verði þær niðurstöður sem hægt væri að ná á sérhverjum viðskiptastað metnar og bornar saman. Í matinu skal tekið tillit til þóknana og þess kostnaðar sem hlýst af framkvæmd fyrirmæla á hverjum viðskiptastað fyrir sig. Að jafnaði felur KE markaðsviðskiptum Kviku banka hf. að framkvæma viðskiptafyrirmæli. KE lætur þó framkvæma fyrirmæli hjá öðrum verðbréfamiðlurum ef það leiðir til betri niðurstöðu í samræmi við þessa stefnu.
- 3.2. Þegar félagið beinir fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli eignastýringar til annarra aðila, þá telst félagið hafa framfylgt reglum um bestu framkvæmd ef það hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að velja þann aðila sem er líklegastur til að ná bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og hefur eftirlit með framkvæmdinni. Þær viðmiðanir sem taldar eru upp í grein 2.2 skulu liggja til grundvallar vali á framkvæmdaraðila.
- 3.3. Lista yfir þá aðila sem KE sendir fyrirmæli til framkvæmdar, fyrir hvern flokk gerninga, er að finna í viðauka 1. Félagið tryggir að þeir aðilar sem eru tilgreindir búi yfir fyrirkomulagi framkvæmdar sem gerir KE kleift að uppfylla skuldbindingar sínar þegar það leggur fram eða sendir aðilum fyrirmæli til framkvæmdar.

- 3.4. Þegar félagið sendir fyrirmæli fyrir hönd almenns fjárfestis í tengslum við eignastýringu skal það gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að besta mögulega niðurstaða verði ákveðin út frá heildargreiðslu, þ.e. verðs fjármálagernings auk kostnaðar við framkvæmd. Innifalinn skal allur kostnaður viðskiptavinar sem er beinlínis tengdur framkvæmd fyrirmæla, s.s. þóknanir til viðskiptastaðar, þóknanir vegna greiðslujöfnunar og uppgjors og allar aðrar þóknanir sem greiddar eru þriðju aðilum sem koma að framkvæmd fyrirmæla.

Upplýsingagjöf

- 3.5. Félagið skal leitast við að upplýsa viðskiptavini sína um efni stefnunnar og afla samþykkis þeirra fyrir henni í upphafi viðskiptasambands, tímanlega áður en fyrirmæli eru send til framkvæmdar og birta stefnuna á varanlegum miðli eða vefsíðu félagsins. Í upplýsingunum skal m.a. greina skilmerkilega, nægilega ítarlega og á þann hátt að auðskilið sé fyrir viðskiptavini hvernig félagið muni senda fyrirmælin til aðila sem framkvæmir þau. KE skal einnig veita viðskiptavinum sínum viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið og þjónustu þess og þá aðila sem valdir eru til að annast framkvæmd fyrirmæla.
- 3.6. Leggi viðskiptavinur fram réttmætar og hæfilegar beiðnir til KE um upplýsingar um stefnur og fyrirkomulag félagsins og hvernig endurskoðun þess fer fram skal KE svara með skýrum hætti innan hæfilegs frests.
- 3.7. Upplýsingar sem veittar eru um þessa stefnu skulu sérsníðnar að viðkomandi flokki fjármálagernings og tegund þjónustu sem veitt er.
- 3.8. Séu lögð á mismunandi gjöld eftir viðskiptastöðum skal félagið útskýra þennan mismun nógu ítarlega til að gera viðskiptavin kleift að skilja kosti og ókosti þess að velja einn viðskiptastað.
- 3.9. KE skal taka saman og birta opinberlega á ári hverju, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit um fimm mikilvægustu verðbréfafyrirtækin út frá viðskiptamagni sem það sendi, eða lagði fram hjá, fyrirmæli til framkvæmdar á næstliðnu ári og upplýsingar um gæði framkvæmdarinnar.
- 3.10. Fáa KE réttmæta beiðni frá viðskiptavini sínum eða hugsanlegum viðskiptavini um upplýsingar um þá aðila sem fyrirmæli eru send til eða lögð fram hjá til framkvæmdar, skal félagið veita umræddar upplýsingar.
- 3.11. Þegar KE sendir fyrirmæli fyrir almenna fjárfesta skal félagið veita viðkomandi viðskiptavini samantekt á viðeigandi stefnu, með áherslu á heildarkostnað sem af fyrirmælunum hlýst. Í samantektinni skal einnig vera tengill í nýjstu gögn um gæði framkvæmdar fyrir hvern viðskiptastað sem KE telur upp í þessari stefnu.
- 3.12. Í kjölfar viðskipta skal upplýsa viðskiptavin um það hvar viðskiptin voru framkvæmd.

4. Framkvæmd fyrirmæla við sjóðstýringu

- 4.1. KE skal þjóna hagsmunum sjóða sem félagið stýrir þegar sett er fram framkvæmd fyrirmæla fyrir sjóði í tengslum við stýringu á eignasafni sem annar aðili skal framkvæma.
- 4.2. KE skal móta verklagsreglur um meðferð fyrirmæla við sjóðstýringu og tryggja að þeim sé fylgt eftir.

- 4.3. Verklagsreglur skulu kveða á um hvernig tryggja megi skjóta og sanngjarna framfylgd fyrirmæla um viðskipti með eignasafn fyrir hönd sjóðs. Verklagsreglur skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - 4.3.1. að tryggt sé að fyrirmæli, sem eru framkvæmd fyrir hönd sjóðs séu skráð og þeim úthlutað án tafar og af nákvæmni, og
 - 4.3.2. að tryggt sé að fyrirmæli fyrir hönd sjóðs eða viðskiptavina, sem eru sambærileg að öðru leyti, í þeirri röð sem þau berast og án tafar nema það sé ekki gerlegt vegna þess hvers eðlis fyrirmælin eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir sjóðs krefjast þess.
- 4.4. Fjármálagerningum eða fjármunum, sem er veitt viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd fyrirmæla skal komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi sjóðs eða vörslureikning viðkomandi viðskiptavinar.
- 4.5. Óheimilt er að misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum sjóðs. Grípa skal til allra eðlilegra ráðstafana til að hindra að starfsmenn KE eða aðrir tengdir aðilar misnoti slíkar upplýsingar.
- 4.6. Tryggja skal að fyrirmæli sjóða séu ekki sameinuð fyrirmælum annarra sjóða, viðskiptavina eða fyrirmæla fyrir eigin reikning, nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - 4.6.1. að ólíklegt sé að samsafn fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð einhverjum sjóði eða viðskiptavini og
 - 4.6.2. að unnið sé eftir stefnu þessari og fyrirmælin framkvæmd með skilvirkum hætti, þar sem kveðið er á um sanngjarna dreifingu samansafnaðra fyrirmæla og viðskipta á nægilega ítarlegu máli, þ.m.t. hvernig magn og verð fyrirmæla ákvarðar dreifingu og meðferð fyrirmæla sem framkvæmdar eru að hluta.
- 4.7. KE skal sjá til þess að sá sem framkvæmir fyrirmælin fullnægi skilyrðum 4. þáttar reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða að öðru leyti.

5. Sérstök fyrirmæli viðskiptavina

- 5.1. Mæli viðskiptavinur fyrir um sérstaka framkvæmd viðskipta skal félagið láta framkvæma fyrirmæli hans í samræmi við það. KE uppfyllir skyldur sínar skv. ákvæði greinar 2.3, og þarf ekki að gera þær ráðstafanir sem um getur í ákvæðum greina 2.1 - 2.2 að því marki sem félagið fylgir sérstökum leiðbeiningum viðskiptavinar síns þegar fyrirmæli eru send, eða þeim miðlað, til annars aðila til framkvæmdar. Slík fyrirmæli undanþiggja félagið þó ekki frá því að uppfylla aðrar kröfur lmf., t.d. reglur er kveða á um góða viðskiptahætti.
- 5.2. Sé viðskiptavinur almennur fjárfestir í skilningi lmf. skal félagið upplýsa hann með skýrum og áberandi hætti um að með því að mæla fyrir um sérstaka framkvæmd viðskiptafyrirmæla eru líkur á að besta mögulega niðurstaða náist ekki.
- 5.3. Við móttöku viðskiptafyrirmæla frá lögaðila í tengslum við eignastýringu, skulu starfsmenn félagsins tryggja að sá starfsmaður sem þau gaf hafi haft til þess heimild.

- 5.4. Ef viðskiptavinur mælir fyrir um sérstaka framkvæmd fyrirmæla að takmörkuðu leyti mun félagið fylgja þessari stefnu að öðru leyti.

6. Hvatagreiðslur

- 6.1. Félagið skal eingöngu taka við greiðslum frá þriðja aðila í tengslum við sendingu viðskiptafyrirmæla að því marki sem þær samræmist reglum félagsins um hvatagreiðslur, eins og þær eru hverju sinni, og skulu upplýsa viðskiptavini um þá hvatagreiðslur sem fyrirtækið kann að fá frá viðskiptastöðum. Í upplýsingunum skal tilgreina þau gjöld sem lögð eru á alla mótaðila sem koma að viðskiptunum, og séu gjöldin breytileg eftir viðskiptavinum skulu upplýsingarnar tilgreina þau hámarksgjöld eða bil gjalda sem kunna að koma til greiðslu.
- 6.2. Leggi KE gjöld á fleiri en einn þátttakanda í viðskiptum skal félagið upplýsa viðskiptavini sína um virði alls peningalegs og ópeningalegs ávinnings sem fyrirtækið móttekur.

7. Eftirlit og endurskoðun

- 7.1. KE mun hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni þessarar stefnu, einkum gæði framkvæmdar hjá þeim aðilum sem tilgreindir eru í viðauka I. Regluvörður skal hafa eftirlit með skilvirkni og framkvæmd stefnunnar, greina annmarka og fylgja úrbótum eftir.
- 7.2. Stefnan og fyrirkomulag hennar skal endurskoðuð árlega, þ.m.t. viðauki 1. Auk þess skal endurskoðun fara fram ef veruleg breyting verður sem áhrif hefur á getu félagsins til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir viðskiptavini sína og sjóði. Nýjasta útfærsla stefnunnar á hverjum tíma skal vera aðgengileg á vefsíðu félagsins, www.kvikaegnastyring.is. Félagið skal tilkynna viðskiptavinum sínum um verulegar breytingar á fyrirkomulagi sínu og stefnu um framkvæmd fyrirmæla.
- 7.3. KE skal reglulega meta hvort veruleg breyting hafi orðið og íhuga að gera breytingar að því er varðar þá viðskiptastaði eða aðila sem félagið reiðir sig einkum á til að uppfylla almennu kröfuna um bestu framkvæmd. Í þessu samhengi merkir veruleg breyting mikilvægur atburður sem gæti haft áhrif á viðmið um bestu framkvæmd, s.s. kostnað, verð, hraða, líkur á framkvæmd og uppgjöri, stærð, eðli eða aðra þætti sem skipta máli fyrir framkvæmd fyrirmælanna.

8. Breytingar

- 8.1. Breytingar á þessari stefnu verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.
- 8.2. Breytingar á viðauka skulu gerðar skriflega og samþykktar af framkvæmdastjóra.

Samþykkt af stjórn Kviku eignastýringar hf. þann 15. desember 2022

VIÐAUKI 1: Listi yfir þá aðila sem koma má pöntunum um framkvæmd fyrirmæla til.

Verðbréfamiðlari	Verðbréf	Peninga- markaðsskjöl	Hlutdeildar- skírteini	Afleiðu- samningar	Losunarheimildir
Kvika banki hf.	x	x	x	x	
Íslandsbanki hf.	x	x	x	x	
Arion banki hf.	x	x	x	x	
Landsbankinn hf.	x	x	x	x	
ACRO verðbréf hf.	x	x	x	x	
Arctica Finance hf.	x	x	x	x	
Íslensk verðbréf hf.	x	x	x	x	
Fossar markaðir hf.	x	x	x	x	
Saxo bank A/S	x	x	x	x	

Viðauki samþykktur af framkvæmdastjóra þann 15. desember 2022.